

Landsnet  
Árni Jón Elíasson  
Gylfaflöt 9  
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. maí 2008  
/--

**Efni: Háspennulínur (220kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets hf., að matsáætlun um háspennulínur (220kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing.

Skipulagsstofnun barst með bréfi VGKHönnun hf., f.h. Landsnets hf. dags. 14. mars 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Háspennulínur (220kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík,  
Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing.  
Landsnet, VGKHönnun, mars 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Aðaldælahreppur, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytið, Neytendastofa, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Aðaldælahreppi með bréfi dags. 14. maí 2008, Norðurþingi með bréfi dags. 3. apríl 2008, Skútustaðahreppi með bréfi dags. 10. apríl 2008, Þingeyjarsveit með bréfi dags. 3. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 1. apríl 2008, iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 23. apríl 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 1. apríl 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 21. apríl 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. apríl 2008 og Vegagerðinni með bréfi dags. 11. apríl 2008. Athugasemdir bárust frá Jónasi Jónassyni og Rósu Kjartansdóttur, eigendum Héðinshöfða dags. 8. apríl 2008 og Ólafi Erni Pálmarsyni, Birkimel 8 b Reykjavík, dags. 7. apríl 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 23. apríl og 7. maí. 2008.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni.

Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Landsnets hf. dags. 23. apríl og 7. maí 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmd og starfsemi**

Skipulagsstofnun leggur mikla áherslu á að frummatsskýrslur fyrir Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröfluvirkjunar og háspennulínur til Húsavíkur annars vegar og vegna álvers og hafnar við Húsavík hins vegar verði til umfjöllunar á sama tíma. Stofnunin leggur einnig áherslu á samþættingu umfjöllunar í einstökum frummatsskýrslum þannig að í samantekt þeirra verði yfirlit yfir allar þessar tengdu framkvæmdir, þ.e. orkuver, orkuflutning, álver og höfn og helstu umhverfisáhrif þeirra, einkum með tilliti til sammögnunar, eins og þau eru þekkt á hverjum tíma. Hafa þarf samráð við Skipulagsstofnun um hvernig á þessu verður tekið þegar kemur að ritun frummatsskýrslu.

Í kafla 2 er fjallað um línuleiðir. Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvaða þættir hafa áhrif á afhendingaröryggi raforku á þeim mismunandi leiðum sem fjallað er um og fjallað var um í svæðisskipulagi. Gera þarf grein fyrir hvaða þættir voru skoðaðir, hvar og af hverju öryggi er mismikið á einstökum línuköflum, hver sá munur er og hverjar líkur eru á bilunum. Í framhaldi af þessu þarf að gera grein fyrir þeim niðurstöðum sem rökstyðja t.d. öryggi þess að fara með línur beggja vegna Lambafjalla í stað tveggja lína öðru megin.

Í kafla 2.2 er fjallað um vegi og kafla 2.5 um efnispörf og efnisflutninga. Skipulagsstofnun bendir á að umfjöllun um byggingu vega þarf að vera í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, kafla 6.5.1, en þar kemur m.a. fram að virkjanavegur frá Hólasandi að Þeistareykjum verði lagður af framkvæmdaraðilum og beri að miða hönnun vegarins við að hann uppfylli, fullgerður, kröfur sem gerðar eru til sambærilegra vega í vegakerfi Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að sýna fyrirhugaða legu og eftir atvikum kosti, virkjunarvegur frá Hólasandi að Þeistareykjum á loftmyndagrunni í mkv. 1:20.000 og með 2 m hæðalínunum. Á kortinu komi fram skeringar og fyllingar og útmörk fyrirhugaðra námusvæða. Gera þarf grein fyrir efnispörf, hvert efni verður sótt og metin umhverfisáhrif náma. Í frummatsskýrslu þarf því að gera grein fyrir veginum, legu, hönnun og umhverfisáhrifum fullgerðs sambærilegs vegar í vegakerfi Vegagerðarinnar. Í frummatsskýrslu þarf einnig að koma fram hvernig farið verði að ábendingum Umhverfisstofnunar, m.t.t. sjónrænna áhrifa, um að ekki verði lagðir efnismeiri línuvegir en nauðsynlegt er og að línuvegir miðist við þarfir verkkaupa en ekki verktaka, þ.e. þau vinnutæki sem notuð eru á framkvæmdatíma veglagninga ráði ekki því hversu miklir vegirnir verði heldur væntanleg umferð vegna byggingar og viðhalds á háspennulínunum. Þá verði gerð sérstaklega nán grein fyrir hvernig slóðagerð yfir hraun verður hagað. Í frummatsskýrslu þarf einnig að fjalla um efnistöku vegna línuvega í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og leggja fram tillögu að efnistökuáætlun, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða.

Í kafla 3.2.4 er fjallað um vernd. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að í frummatsskýrslu verði fjallað nánar um verndarsvæði í Skútustaðahreppi sbr. eftirfarandi í umsögn Umhverfisstofnunar: „Umhverfisstofnun vekur athygli á að auk tillögu um vernd fálka í Mývatnssveit hefur stofnunin gert tillögu um vernd nokkurra svæða innan Skútustaðahrepps vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár. Meðal þeirra er svæði sem nær frá hverasvæðinu við Námafjall sunnan við Þjóðveg allt norður fyrir Hrutafjöll. Stofnunin telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði einnig fjallað um framangreint svæði og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á það. Vekja má athygli á að í bréfi Umhverfisstofnunar til umhverfisráðuneytis dags. 23. september 2004 vegna fyrrgreindra tillagna segir m.a.: „Stofnunin telur afar brýnt að ekki verði heimilaðar framkvæmdir á fyrirhuguðum verndarsvæðum fyrr en samkomulag hefur náðst um friðlýsingu viðkomandi svæðis.“ Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á að unnið

er að gerð verndaráætlunar samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.“

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 4.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvernig greining á landslagi og mat á sérstæðni landslagsheilda á svæðis- og landsvísu hefur verið nýtt til að meta hvar best sé að staðsetja mannvirki m.t.t. áhrifa á landslag. Í umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu þarf að sýna ásýnd umhverfisins fyrir og eftir framkvæmdir, ef notaðar eru ljósmyndir komi fram af hverju viðkomandi útsýnisstaðir hafi verið valdir og sýna þarf á korti staðsetningu myndatökustaða og sjónarhorn mynda. Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar verði m.a. fjallað um sjónræn áhrif háspennulínu séð frá byggð í Mývatnssveit og norðan Krubbsfjalls í ljósi athugasemdar landeigenda Héðinshöfða. Einnig verði fjallað um sjónræn áhrif m.t.t. útivistar.

Í köflum 4.8 og 5.2.5 er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði farið að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins, um að sýnd verði nákvæm staðsetning fornleifa á korti eða loftmynd ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar og gerð grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum vegna þeirra áhrifa sem framkvæmdin kann að hafa á fornleifar.

Í kafla 4.5.1 er fjallað um útivist og ferðaþjónustu. Í athugasemd Ólafs Arnar Pálmarssonar er bent á ýmsa þætti sem athuga bæri m.t.t. áhrifa framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila um að í frummatsskýrslu verði fjallað um viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og forsvarsmanna útivistarfélaganna í nærliggjandi sveitarfélögum til fyrirhugaðra framkvæmda og að einnig verði gerð grein fyrir úttekt á ferðamennsku og útivist á og í nágrenni áhrifasvæða og lagt mat á nýtingu mismunandi svæða.

Í tillögu að matsáætlun er ekki fjallað um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnsverndarsvæði. Skipulagsstofnun bendir á, eins og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun réttilega vísa til, að framkvæmdin verður innan vatnsverndarsvæðis vatnsbóls Húsavíkur, bæði fjarsvæði og nærsvæði. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum slóðagerðar og umferðar innan vatnsverndarsvæðisins, hættu á mengun vatnsbóls og mótvægisáðgerðum. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, líklegum uppsprettum mengunar (veðrun mastra/húðun), mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólsins. Sýna verður fram á svo óyggjandi sé að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki í för með sér hættu á mengun vatnsbólsins.

Í kafla 7 er fjallað um lífríki. Skipulagsstofnun tekur fram að ef sjaldgæfar tegundir finnast innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar verði staðsetning búsvæða þeirra sýnd á korti.

Þóroddur F Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

Afrit: Aðaldælahreppur, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytið, Neytendastofa, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin, Jónas Jónasson og Rósa Kjartansdóttir, Héðinshöfða og Ólafur Örn Pálmarsson, Birkimel 8 b Reykjavík. Mannvit verkfræðistofa.